

Fundur skólaráðs Lundarskóla, haldinn þann 14. október 2013

Mætt eru: Maríanna deildarstjóri í forföllum skólastjóra.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gestur, Ingibjörg, Hafdís.

Fulltrúar starfsfólks: Alda, Þröstur.

Fulltrúara nemenda: enginn

Maríanna stýrði fundinum í forföllum Elíasar skólastjóra. Rekstraráætlun verður kynnt næst. Maríanna ítrekaði hlutverk skólaráðs varðandi meiriháttar breytingar. Reglugerð um skólaráð nr 1157/2008 lögð fram til kynningar. Gestur upplýsti að fundi hverfisnefndar hafi verið frestað vegna slakrar mætingar. Áhugi á frekara samstarfi skóla og hverfir. Maríanna fór yfir helstu atriði í reglugerðinni um skólaráð.

Maríanna talaði um starfsáætlun fyrir skólaráðið. Á eftir að fylla inn í hana. Hún óskar eftir tillögum frá fulltrúum. Umræður um að halda opinn fund í janúar. Fyrir næsta fund, koma með hugmyndir. Ath hvað var búið að ræða í fyrra. Vilja ræða verkefnið Heilsueflandi grunnskóla. Einhver frá Lýðheilsustöð getur hugsanlega komið og kynnt þetta. IE spurði um vekefnið. Teymi innan skólans heldur utan um þetta. Átta manns í teyminu. Gæti verið góð hugmynd að fjalla um þetta á opna fundinum.

IE spurði hvort allar stöður væru fullmannaðar. Maríanna sagði svo vera.

Handbók heimilanna er tilbúin á vefnum. Bekkjarnámskrár eru í vinnslu. Kallað verður eftir námsáætlunum frá öllum kennurum. Verða bekkjarnámskrár.

IE spurði um geymsluna sem var ekki í lagi í fyrra og líklega sveppur í henni. Búið að taka hana í gegn, einnig tengiganginn. Allt hreint, fínt og flott. Rætt um hvort hægt væri að fá Akureyrarbæ til að merkja göngustíginn fyrir hjól og gangandi. Getum sent bréf til bæjarins.

Maríanna upplýsti að þegar skólastjórnendur væru ekki í húsi þá væru það kennararnir í skólaráði sem eru „æðstir“ í skólanum þann tíma. Maríönnu finnst nauðsynlegt að efla samstarf við foreldra.

Fundur skólaráðs verða áfram 1. mánudag í mánuði, nema annað sé ákveðið, næst 4. nóvember 2013.

Gestur spurði um spjaldtölvuvæðingu. Skólinn keypti 20 tölvur fyrr á árinu, starfshópur að vinna í þessu. Fundur ánæstunni með fleiri skólum varðandi spjaldtölvuvæðingu. Er í skoðun.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið 15:55

Fundargerð ritaði IE.